



GILDANDI DEILISKIPULAG 1:12500 Auglýst í B-deild 20.12.2017 Með breytingu auglýstu í B-deild 28.10.2020 "Útivistarstig frá Vífilstaðavatni að Grunnvatnaskarði"




BREYTT DEILISKIPULAG 1:12500



ADALSKIPULAG GARDABÆJAR 2016-2030 - NORÐURHLUTI 1:50000, BREYTING 07.29.6.2023.



ADALSKIPULAG GARDABÆJAR 2016-2030 - SUÐURHLUTI 1:50000



LYKILKORT ADALSKIPULAG GARDABÆJAR 2016-2030

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hefur fengið málsmeðferð skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Gardabæjar þann 29. júní 2023 og í bæjarráði Gardabæjar þann 25. júlí 2023. F.h. Gardabæjar

Deiliskipulagsbreytingin tók gildi með birtingu auglýsingar nr. \_\_\_\_\_ í B-deild Stjórnartíðinda.



29.06.2023 Breytt eftir augl- og kynningartíma, sjá greinargerð

HEIMÖRK Í GARDABÆ OG SANDAHLÍÐ DEILISKIPULAGSBREYTING SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

KVARDI-A1: 1:12500	TEIKN NR: 01
DAGS: 27.10.2022	HANNAD: ph/hn
FLOKKUR: 1300-gard_A	TEIKNAD: hn/er
SKRÁ: 22207-DSK.dwg	VERKNR: 22207



**Deiliskipulagsbreyting felst í eftirfarandi:**

**Afmörkun deiliskipulags:** Afmörkun deiliskipulagsins breytist til samræmis við nýtt deiliskipulag Vífilstaðahrauns og nýtt deiliskipulag fyrir Urriðavatnsdali. Nýtt deiliskipulag Vífilstaðahrauns mun ná yfir Flóttamannaveg og er afmörkun aðlöguð að því. Sömuleiðis eru deiliskipulagsmörk í Vífilstaðahlíð aðlöguð mörkum nýs deiliskipulags í Urriðavatnsdölum með hlíðsjón af landamerkjum og áætluðum friðlýsingarmörkum Búrfellshrauns. Deiliskipulagsmörk eru jafnframt aðlöguð mörkum friðlýsingar Búrfellsgjár. Bilastæði færast á milli skipulagssvæða m.t.t. breyttra marka þeirra. Bilastæði við Vífilstaðahlíð við Mariuvelli færast yfir í deiliskipulag Vífilstaðahrauns en áfram er gert ráð fyrir gönguleiðum frá því, kafla 4.4.6. Aðkomusvæði við suðausturenda Vífilstaðahlíðar er innan friðlýsingar Búrfellsgjár og nágrennis og mun tilheyra deiliskipulag þess, kafla 4.4.7. Bilastæði vestan Vífilstaðahlíðar við trjásynireit og bilastæði við upphaf línuvegjar færast yfir í deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum, sjá kafla 4.8.5. Kafla 3.3. í greinargerð og skipulagsuppdráttur uppfærð, kort yfir suðvesturhluta svæðisins fellur út. Stærð skipulagsins breytist úr 907 ha í 888 ha.

**Stigar:** Stigar innan deiliskipulagssvæðisins hafa verið uppfærðir miðað við þá stiga og slóða sem hafa verið framkvæmdir eða orðið til með notkun síðan skipulagið óðlaðist upphaflega gildi.

**Ný reiðleið:**

Áform eru uppi um að afleggja allar reiðleiðir meðfram Flóttamannavegi að bæjarmörkum Hafnarfjarðar. Þess í stað er gert ráð fyrir nýjum reiðstíg frá Grunnvatnaskarði austan Ljóskollulágar og niður Vífilstaðahlíð yfir á reiðleiði í Búrfellshrauni vestan við Heimurkurveg. Kafla 4.8.3 og uppdráttur. Lega er leiðbeinandi og útfærast nánar við hönnun.

**Lóð og byggingarreitur fyrir aðstöðuhús Skógræktarfélag Gardabæjar í Sandahlíð:** Ný lóð og byggingarreitur fyrir aðstöðu Skógræktarfélags Gardabæjar í Sandahlíð. Kafla 4.1.1., nýr kafla 4.4.4.1 og 5.7 og skilmálar í nýjum kafla 6.3. Gert er ráð fyrir um 100 m<sup>2</sup> húsi með heilsársstarfsemi.

Deiliskipulagsuppdráttur og viðeigandi skýringarmyndir í greinargerð uppfærðar. Sjá jafnframt greinargerð deiliskipulags sem uppfærð hefur verið samhliða breytingu á deiliskipulagi.

**Breytingar á gögnum deiliskipulags 29.06.2023**

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:

- Staðsetning á lóð og byggingarreit fyrir aðstöðu Skógræktarfélags Gardabæjar í Sandahlíð færð til í samræði við Skógræktarfélag Gardabæjar.

- Lega Græna stígsins lagfærð í Sandahlíð.
- Heitinu Skógargarður í Sandahlíð breytt í Útivistarskógur í Sandahlíð.
- Bætt inn á uppdrátt núverandi legu Hamraneslínu 1 og 2 og helgunarsvæði þeirra til samræmis við gildandi aðalskipulag Gardabæjar 2016-2030. Sjá nánar í greinargerð.
- Í greinargerð eru upplýsingar um helgunarsvæði háspennulína uppfærðar í kafla 4.11 á eftirfarandi hátt: Heildarbreidd helgunarsvæðis Hnoðraholtslínu 1 (132 kV) er 35-45 m og helgunarsvæði Hamraneslínu 1 og 2 (220 kV) er 65-85 m. Bætt er við í sama kafla: Háspennulínur eru á vegum Landsnets sem fer með öll málefni sem þær varðar. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulínu og ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirkri í rekstri nema fyrir liggja heimild frá fyrirtækinu. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfarlægðir. Tryggja skal að framkvæmdir ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.